

# **RÓSIR OG RAKVÉLARBLÖÐ**

**Einþáttungur fyrir fimm leikara og litla hljómsveit**

**eftir**

**Benóný Ægisson**

**ÓLEIKUR / ÓHÁÐ LISTAHÁTÍÐ 1993**

**PERSÓNUR**

KONA

MÁSARI

HANN

HÚN

SJÓMAÐUR

HLJÓMSVEIT EÐA TRÚBADOR

*SJÓMAÐUR æpir lengi og skerandi. Ópið deyr út.*

**SÖNGVARI**

Ég vil syngja um rósir og rakvélarblöð  
rauðan loga og flöktandi skugga  
æðar sem opnast og ískaldan dreyra  
og óspurð blóm sem visna í vasa

Hitler málaði myndir á vegg  
úr myrru reykelsoð skíragulli  
en þegar hann skildað þær skortalla dýpt  
skaut hann sig með silfurkúlu

Líkt og kristur þá lagðirðá þig  
að lífga dauða í óþökk þeirra  
með lífið í nesti á líkklæðum ganga  
lasarusar um vegleysur sínar

**MÁSARI**

Halló! Halló! Það er ég. Aftur. Það er ég. Ertu ein?

**KONA**

Ég er aldrei ein. Ég hef hann.

**MÁSRARI**

Það er gott að þú ert ein. Ekki skella á. Leyfðu mér að mása litlum ævintýrum í eyra  
þitt. Leyfðu mér að njóta ótta þíns með þér. Ekki skella á.

**KONA**

Viltu tala við manninn minn?

**MÁSARI**

Leyfðu mér að gefa þér eitthvað að hugsa um þegar þú lokar hurðinni á  
örbylgjuofninum á eftir tilbúnum rétti í lofttæmdum umbúðum fyrir manninn sem þú  
hættir að þekkja fyrir eilífðum síðan. Ekki skella á.

**KONA**

Okkur þótti svo gasalega gaman að fara út að borða. Við vorum alltaf úti. Alltaf.

MÁSARI

Ertu hrædd við mig? Ég heyri hvernig andardráttur þinn verður hraður og ör. Ég heyri nælonið í náttkjólnum þínum skjáfa. Ertu þarna?

KONA

Ég man sérstaklega eftir einu skipti.

MÁSARI

Ekki láta þér detta það í hug að það sé hægt að rekja símtalið. Leyfðu mér að mása litlum ævintýrum í eyra þér.

KONA

Á næsta borði við okkur sat amerísk kerling sem vildi ekki leggja lambakjöt sér til munns því hún gat ekki hugsað sér að borða börn. Við útveguðum henni belju sem var sannanlega yfir lögdri hjá ómálga þjónustustúlku og eftir það gátum við drukkið í friði.

MÁSARI

Ég skal mása og blása þar til eyrað dettur af þér.

KONA

Við drukkuðum í hafsþjó af víni. Við töluðum eins og vélbyssur. Við reistum ókleifa múra milli okkar og umheimsins. Við leystumst upp í reyk og liðuðumst um heiðhvolfið og samsömuðumst algleyminu. Við þurftum ekkert vildum ekkert skildum allt.

MÁSARI

Að mása er ekki eina tómsundaiðjan mín. Ég horfi líka.

KONA

Við máluðum heim þar sem aðeins var rúm fyrir tvo. Stjörnuþoku með óteljandi sólkerfum þar sem allar pláneturnar voru í eyði nema ein. Þar hafði okkur skolað í land á eyðieyju og þar bjuggum við. Ein. Alein. Alein í alheiminum.. í alheiminum.. í aleininum.

HANN

Ég er farinn.

MÁSARI

Er hann farinn?

KONA

Hann er farinn.

MÁSARI

Þá fer hann að koma.

## SÖNGVARI

Rúin draumi - úr rekkju rís  
reikar fram - köld sem ís  
býr sig undir bollaf brostnum vonum  
með honum  
sem leitar enn að henni í öðrum konum

vitrast allt - vekur blóð  
villt og tryllt - vígamóð  
hönd sem greip um skepti hnífs að falla?  
æ varla  
gleymskan geymir drauma hennar alla

hurð er skellt - hann er á brott  
hún er ein - finnur vott  
af tári eftir tímann reynað fæðast  
að hræðast  
í skammdeginu þá er myrkrið skæðast

KONA

Hver ertu?

MÁSARI

Þú skilur að ég get ekki gefið upp nafn og númer. Það væri ekki fagmannlega gert. En ég get sagt þér undan og ofan.

KONA

Ef þú vildir gjöra svo vel.

MÁSARI

Hver er ég? Þú vilt vita það. Nú ég lifi og starfa. Á konu. Þrjú börn. Kanarífugl. Það er fínt. Mikil yfirvinna. Hlæ á réttum stöðum. Fæ ekki nógu góð laun. Fæ ekki nógu góð laun! En ég.. Já ég. ég veit. Ég veit ýmislegt. Gæti sagt þér margar góðar sögur. Þá mættu sumir.. já sumir.. þá mættu sumir.. fara bara.. fara bara að vara sig.

HÚN

Elskan!

HANN

Já!

HÚN

Það er ekkert vinur.

HANN

Allt í lagi ástin mín.

*Þögn.*

HÚN  
Mér finnst..

HANN  
Hvað ástin mín?

HÚN  
Ég.. ekkert.

Þögn.

HANN  
Er eitthvað að?

HÚN  
Neei. Það er samt. Einhver tilfinning.

HANN  
Hvernig tilfinning?

HÚN  
Æ ég veit það ekki. Bara einhver tilfinning.

HANN  
Ónotaleg?

MÁSARI  
Ónotaleg!

HÚN  
Já. Ónotaleg.

HANN  
Eins og þegar nöglum er rennt eftir skólatöflu?

HÚN  
Nei. Ekki þannig.

HANN  
Eins og þegar einangrunarplasti er strokið við gluggarúðu?

HÚN  
Nei. Ekki þannig.

HANN  
Eins og þegar bitið er í lopa?

HÚN  
Nei. Ekki þannig.

HANN

Nú veit ég. Eins og þegar maður er að tala við einhvern en man ekki hvað hann heitir eða hvar maður hefur hitt hann.

HÚN

Það er í áttina.

HANN

En.. Nú þarf ég að hugsa mig um. Setjum sem svo að ég sé í laugunum. Teygjan í sundskýlunni slök. Ég sting mér. Búms. Ég fer á kaf. Ég kem upp aftur og uppgötva að skýlan mín flýtur fimm metra fyrir aftan mig. Ertu að tala um þannig tilfinningu?

HÚN

Já. Einmitt þannig tilfinningu. Bara miklu verri.

HANN

Hvað getur verið verra?

HÚN

Ég veit það ekki. En þetta er alveg hræðileg tilfinning.

HANN

Ég get ekki afborið þetta. Segðu mér hvernig þér líður.

HÚN

Eins og þú lýstir því. Eins og teygjan hafi verið slök. Eins og skýlan hafi dottið af mér. En það er meira.

HANN

Hvað? Hvað?

HÚN

Það er ekkert vatn í lauginni.

HANN

En þú hefðir rotast.

HÚN

Og uppi á bakkanum stendur landsmót íslenskra karlakóra og starir á mig. Og ég ekki í neinni skýlu.

HANN

En af hverju varstu ekki í sundbol?

HÚN

Nú?! Þú sagðir skýlu.

HANN

Já. Það var í minni sögu.

HÚN

En þú varst að lýsa minni tilfinningu.

HANN

Hvernig getur þú vitað hvernig er að vera í skýlu? Hvað þá skýlulaus?

HÚN

Þannig líður mér.

MÁSARI

Þvæ glugga. Sé margt. Engin leyndarmál. Það er sumt sem engin gluggatjöld fá hulið. Ekkert dylst fyrir mér. Í stiganum. Á einskismannslandi. Enginn býst við neinum. Alls engum. Konur og menn. Ekki eiginkonur og eiginmenn. Neei. Hitt. Þú veist. Sitt í hvoru lagi. Án löggildingar og blessunar kirkjunnar. Skömm að þessu. Sumir í góðum stöðum. Fínir menn. Máttarstólpar þjóðfélagsins. Máttarstólpar þjóðfélagsins að gera ljótt!

*Þögn.*

HÚN

Ég held að það sé einhver að horfa á okkur.

HANN

Vitleysa! Við erum uppá fimmtu hæð.

HÚN

Ég held það samt.

HANN

Jæja. Þá heldurðu það.

HÚN

Já! Ég held það!

HANN

Hvað er þetta manneskja? Tók ég ekki undir það?

HÚN

Það hljómaði ekki þannig.

HANN

Þannig hvernig?

HÚN

Eins og þú værir sammála. Ég þóttist heyra efasemdarheim í röddinni.

HANN  
Vitleysa.

HÚN  
Það er engin vitleysa. Þú tekur aldrei neitt mark á mér.

HANN  
En við erum uppi á fimmtu hæð.

HÚN  
Byrjarðu aftur!

MÁSARI  
Á vissan hátt er þetta mér byrði. Vitneskjan þú veist. Ábyrgðin. En ég þoli álagið vel. Ég get axlað samfélagslega ábyrgð gluggahreinsunarmannsins. Ekkert má leka út. Og þó. Sumt. Heilbrigt lýðræði verður að gera ráð fyrir vissum leka. Einskonar öryggisventli. Til að koma lögum yfir.. nei.. til að virkja almenningsálitid gegn upplausnaröflunum.. já.. einmitt.. upplausnaröflunum. Spillingaröflunum. Spilling. Ég hata spillingu eins og allir góðir menn sem eiga enga hlutdeild í henni. Ég fletti ofan af spillingunni. Og ef ég græði eitthvað í leiðinni þá er það bara gott mál. Ekki satt? Framtak einstaklingsins. Lögmál markaðarins. En það er aldrei of varlega farið.

HANN  
Tölum um eitthvað annað.

HÚN  
Þarna er ykkur karlmönnunum rétt lýst. Breytið umræðuefninu. Snúið útúr. Viljið hlaupast frá allri ábyrgð.

HANN  
Byrjarðu?

HÚN  
Þú elskar mig ekki neitt.

HANN  
Láttu ekki svona.

HÚN  
Þú elskar mig ekki.

HANN  
Víst elska ég þig.

HÚN  
Þú segir það bara.

HANN  
Ég elska þig út af lífinu.



HÚN

Meira en konuna þína?

HANN

Já. Meira en konuna mína.

MÁSARI

Segjum til dæmis. Þú athugar að hér er um tilbúið dæmi að ræða. Það á sér enga stoð í raunveruleikanum. Þetta segi ég til að fyrirbyggja allan misskilning. Gefum okkur það að maður haldi fram hjá konunni sinni. Fínn maður. Kannski ráðherra. Hér verð ég enn að undirstrika að þessi saga er tilbúningur og lýtur einungis lögmálum skáldskaparins. Já.. segjum ráðherra. Hann er þreyttur.. áhyggjufullur.. störfum hlaðinn.. ábyrgðin á þjóðarbúinu hvílir þungt á herðum hans. Til að létta sér lífið þá.. já þú skilur.. með ritaranum.. bara einusinni.. og ég fyrir utan gluggann. Þá held ég kjafti. Það skil ég. Segi ekki orð. Munnur minn er innsiglaður. Framlag mitt til stöðugleika í ríkisrekstrinum. Ha?! En ef hann gerir það aftur. Og svo aftur og aftur. Eða.. ef ritarinn er karlmaður. Þar dreg ég mörkin.

SÖNGVARI

Úr rúmi rís maður af blundi  
ræskir sig kveikir í smók  
flýtir sér síðan af fundi  
frúar í hárauðri brók  
Í herbergi handan við ganginn  
býr hommi sem heldur við grík  
hlustar í fjötrum hugfanginn  
horfinn úr sérhverri flík

Dreymir um allsnakta dansendur  
djarflega leikið á stengleik lokkandi vals  
kornungir drengir á iðgrænu engi  
ljúfir og lausir við pretti og fals

Í húsner hávaðaf ljóðum  
sem heyrast ef við höfum hljótt  
um slemmuna sem að við stóðum  
og stúlku sem ég sveik í nótt  
Í kjallaraholu er kneifað  
kláravín brennsi og spritt  
og vímunnar fána er veifað  
og vafalaust gera menn hitt

Heitir og örur af eitri dansa þeir  
drykklanga niðdimma nóttina burt  
einir í hópnum ærðir af löngun  
elta þeir drauminn uns allt verður kjurt

Húsið með hundrað rætur  
og höfuðið undir væng  
er flestir fara á fætur  
flýta sér aðrir í sæng  
Í borginni brauðstritið lokkar  
og bílarnir urra sem fyrr  
en í herbergí húsinu okkar  
heimurinn stendur þar kyrr

HÚN  
Elskarðu konuna þína?

HANN  
Ha?

HÚN  
Þú sagðist ekkert elska hana.

HANN  
Ég elska hana ekki. Ég elska þig.

HÚN  
Þú sagðist elska mig.. meira.

HANN  
Ég sagði það.

HÚN  
Þá elskarðu hana.. eitthvað.

HANN  
Hún er vani.

HÚN  
Óvani.

HANN  
Ávani.

HÚN  
Þarna kom hún aftur.

HANN  
Hver?

HÚN  
Tilfinningin.

MÁSARI  
Ónotaleg!

SJÓMAÐUR

Þeir hafa verið hér aftur. Ekkert er eins og það var. Ég finn fyrir návist þeirra í andrúmsloftinu. Sé að sameindir loftsins eru úr lagi færðar. Þeir hafa verið hér.

HANN  
Maðurinn þinn?

HÚN  
Já hvað með hann?

HANN  
Grunar hann ekkert?

HÚN  
Nei. Ekki neitt.

HANN  
Það er gott.

MÁSARI  
Ónotaleg!

SJÓMAÐUR

Þessi stóll hefur verið færður úr stað. Ég stillti honum upp nákvæmlega fimmtán sentimetrum frá veggnum bakborðsmegin og átján sentimetrum stjórnborðsmegin. Þegar ég stilli upp stól þá helst hann stilltur. Hann hefur verið færður sem svarar átta millimetrum í norðnorðaustur. Konan hefur ekki fært hann. Hún þekkir sín takmörk. Einhver hefur verið hér.

HÚN  
Konan þín?

HANN  
Já hvað með hana?

HÚN  
Grunar hana ekki neitt?

HANN  
Ekki neitt.

HÚN  
Það er gott.

MÁSARI  
Ónotaleg!

KONA

Þó ég elski hann þá er ekki þar með sagt að ég sé ekki opin fyrir tilbreytingu. Ég er rómantísk að eðlisfari. Ég held að það sé hollt fyrir öll sambönd að verða fyrir smáögrun. Til að viðhalda spennunni. Þú veist. Eins og í skákinni: Drottningin í uppnámi.

SJÓMAÐUR

Þetta fólk. Það talar og talar. Ég veit ekki við hvern því enginn hlustar á neinn. Allt uppfyllt af óbeislaðri orku sem það finnur engan farveg fyrir. Klappar hundum og köttum.. brosir framan í börn dada gúgú goma dil babba.. dettur í það og fær móral.. keyrir á Selfoss og kaupir ís. Allt önnum kafið við að skilja eftir útlínur sínar í andrúmsloftinu. Ógreinilegar. Úr fókus.

KONA

Auðvitað hríslast öryggið um mann þegar maður sest uppí volvóinn sinn og veit að ekkert hvílir á húsinu nema gömul húsnæðisstjórnarlán frá verðbólgu tímumunum. En hvers virði er öryggið? Hvers virði er að eiga fullan skáp af eggjandi undirfötum ef enginn vill rífa þau utan af manni?

SJÓMAÐUR

Að selja sig í ánauð til að eignast gamla löðu og íbúð í blokk á móti bankanum. Til að sjá aldrei fjölskylduna nema í stopulum landlegum og vera eins og asni því maður þekkir þetta lið varla neitt. Mann fer að langa til að sjá snæviþakta fjallstinda roðnandi í kvöldsólinni.. hverfa í fjarska.

KONA

En einhvern tíma kemur að því að maður verður að hrökkva eða stökkva. Ástin bíður ekki eftir neinum. Það verður að grípa tækifærið á meðan það gefst.

SJÓMAÐUR

Þeir eru allsstaðar nálægir og tilveran er útötuð í fingraförum þeirra. Þeir bíða þess að þú ánetjist. Þú verður að vera háll eins og áll svo þú sitjir ekki fastur í gildrunni. Kokkálagildrunni.

KONA

Allt sem ég kann kenndi hann mér. Þú skilur. Við byrjuðum að vera saman í skóla. En ég er viss um að víðsýnn maður eins og þú..

SJÓMAÐUR

Mig langar til að hverfa aftur til öryggis þeirrar vitneskju að upp við klettinn sem aldan brotnar á.. á skerinu sem dylst undir yfirborðinu.. í djúpinu undir fótum mínum.. bíður dauðinn.

KONA

Halló! Ertu þarna? Halló! Halló! Halló!

## SÖNGVARI

Setjist niður bræður og systur litla stund  
ég syngja vil um mann sem lentí raun  
kom á röngum tíma á konu sinnar fund  
og kveinstafir hans óma nú um gjörvallt litlahraun  
Kveinstafirnir endurómum gjörvallt litlahraun

Óvænt kom af sjónum og ekki meirum það  
uppí rúmi léku kroppar tveir  
kýldi gaurinn blóðugan og kastaðútí horn  
kuta sínu brá og hún var ekki meir  
Hann kuta sínum brá og hún var ekki meir

Landafloesku keypti af leigubílstjóra  
lagðist uppí sófog drakk sig frá  
hann lá heilan dag og hugsaði sitt ráð  
er húmið lagðist á - þá fór hann á stjá  
Húmið lagðist á og hann fór þá á stjá

Tók haglabyssu með heim til fyrri konunnar  
að hefna fyrir löngu brenndan graut  
skrána maskaði og skundaði þar inn  
skaut löppinundan máginum og flúði svo á braut  
Löpp hann skaut af máginum og flúði svo á braut

Þeir komað honum óvörum og króuðu hann af  
með kjaftfylli af byssuhlaupinu  
svipu hann hólknunum og sjálfsálitinu  
og svefnsamt ekki lengur er á litlahrauninu  
Ekki lengur svefnsamt á litlahrauninu

## TJALDIÐ